



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Stjórnsýslusvið Ríkislögreglustjóra

# Eftirlit með hraðakstri

Eftirlit framkvæmt í júlí til september 2010



## Efnisyfirlit


Efnisyfirlit.....	1
Niðurstöður úr hraðæftirliti - samantekt.....	2
Eknir kílómetrar og vinnustundir.....	2
Kostnaður .....	3
Fjöldi brota og meðalhraði .....	4
Niðurstöður úr hraðæftirliti greint eftir embættum .....	7
Akranes.....	7
Akureyri .....	8
Blönduós.....	9
Borgarnes .....	10
Húsavík .....	11
Hvolsvöllur.....	12
Höfuðborgarsvæðið.....	13
Sauðárkrókur.....	14
Selfoss.....	15
Seyðisfjörður .....	16
Snæfellsnes.....	17
Suðurnes.....	18

## Niðurstöður úr hraðaeftirliti - samantekt

Sumarið 2010 var framkvæmt sérstakt hraðaeftirlit sem lögregluembætti landsins tóku þátt í en alls voru það 12 embætti sem framkvæmdu eftirlitið. Eftirlitið hófst í júlí og stóð fram í september. Á þessu tímabili voru vinnustundir vegna eftirlitsins 4.354 klukkustundir og eknir voru 115.895 km. Fjöldi hraðakstursbrota var 1.811 en heildarfjöldi brota var 2.251 en þar falla undir m.a. hraðakstursbrot, ökuskírteini var ekki meðferðis, viðkomandi hafði ekki ökuréttindi, ljósanotkun var ábótavant, bílbelti var ekki notað, viðkomandi ökumaður var ölvaður undir stýri, vítaverður akstur og réttindaleyfi. Samanburður milli ára 2009 og 2010 miðast við tímabilið júlí til september.


### Eknir kílómetrar og vinnustundir

Lögreglan á Blönduósi ók mest á meðan á eftirlitinu stóð eða 20.960 km. Þar á eftir var lögreglan á höfuðborgarsvæðinu með 18.694 km akstur og lögreglan á Borgarnesi ók 15.637 km. Minnstur var aksturinn hjá embætti Akranes eða 2.609 km (mynd 1). Almennt var minnkun í akstri hjá flestum embættum ef horft er til hraðaeftirlitsins 2009 nema hjá lögreglunni á Borgarnesi. Á árinu 2010 voru eknir 115.895 km en á árinu 2009 151.689 km, eða sem jafngildir tæp 24% minnkun í akstri milli ára.



Mynd 1. Fjöldi ekinna kílómetra vegna hraðaeftirlits árin 2009 og 2010.

Í heildina var eftirlitinu sinnt í 4.354 klukkustundir. Lögreglan á Blönduósi eyddi flestum vinnustundum í eftirlitið eða 618 en þar á eftir var það lögreglan á Akureyri með 605 vinnustundir. Lögreglan á Snæfellsnesi eyddi minnstum tíma í eftirlitið eða 72 vinnustundum og lögreglan á Sauðárkróki 138 (mynd 2). Fjöldi vinnustunda minnkaði hjá öllum embættum nema hjá lögreglunni á Akureyri og Blönduósi. Heildarfjöldi vinnustunda fækkaði um 21% frá árinu 2009 til ársins 2010.



Mynd 2. Fjöldi vinnustunda lögreglu vegna hraðaeftirlits árin 2009 og 2010.

## Kostnaður

Upplýsingar um kostnað hraðaeftirlitsins árið 2010 koma fram í töflu 1. Heildarkostnaður nam 32.683.038 kr. en kostnaður vegna aksturs og vinnu var misjafn eftir embættum. Hjá lögreglunni í Borgarnesi var hlutfall aksturs af heildarkostnaði hæstur eða um 60% og um 52% á Sauðárkróki. Mestur kostnaður vegna vinnu var hjá lögreglunni á Seyðisfirði og Suðurnesjum eða um 68% en næst hjá lögreglunni á Akureyri eða um 63% (tafla 1).

Tafla. 1. Sundurliðun á kostnaði vegna hraðaeftirlits greint eftir embættum.

	Ekniir km	Kostnaður v/aksturs	Vinnustundir	Kostnaður v/vinnu	Reikningur samtals
Akranes	2.609	342.163	141	507.627	849.790
Akureyri	13.358	1.442.039	605	2.468.670	3.910.709
Blönduós	20.960	2.268.828	618	2.521.281	4.790.109
Borgarnes	15.637	3.017.143	494	1.999.227	5.016.370
Húsavík	4.087	437.309	118	477.546	914.855
Hvolsvöllur	10.088	1.079.416	280	1.133.160	2.212.576
Höfuðb.svæðið	18.694	2.527.708	591	2.389.754	4.917.462
Sauðárkrókur	5.680	607.760	138	556.462	1.164.222
Selfoss	9.527	1.429.050	511	2.068.017	3.497.067
Seyðisfjörður	4.807	514.349	276	1.114.949	1.629.298
Snæfellsnes	2.751	294.357	72	291.384	585.741
Suðurnes	7.697	1.009.459	510	2.185.380	3.194.839
<b>Samtals</b>	<b>115.895</b>	<b>14.969.581</b>	<b>4.354</b>	<b>17.713.457</b>	<b>32.683.038</b>


## Fjöldi brota og meðalhraði

Í töflu 2 má sjá hlutfall hvers embættis af heildarfjölda brota í nokkrum brotaflokkum. Þar má sjá að hlutfallslega voru flest hraðakstursbrot skráð hjá lögreglunni á Blönduósi (25,4%) en næstflest hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (13%). Af þeim tilvikum þar sem ökuskírteini var ekki meðferðis voru um 44% skráð hjá lögreglunni á Akureyri og flest tilvik um ábótavana ljósanotkun voru einnig skráð hjá því embætti (71,7%). Enn fremur voru flest tilvik um ölvunarakstur skráð hjá lögreglunni á Akureyri eða um 29%. Notkun bílbelta var helst ábótavant í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (50%) og brot sem falla undir flokkinn „önnur brot“ voru flest skráð hjá lögreglunni á Suðurnesjum, eða um 43%.

Tafla. 2. Hlutfallsleg dreifing brota milli embætta í nokkrum brotaflokkum.


	Ökuhraði	Bílbelti ekki notuð	Ljósanotkun	Ölvun við akstur	Önnur brot	Ökuskírteini vantar
Akranes	4,5	0,0	0,0	0,0	1,0	2,8
Akureyri	6,4	10,0	<b>71,7</b>	<b>29,4</b>	1,0	<b>44,4</b>
Blönduós	<b>25,4</b>	0,0	0,0	0,0	7,1	8,3
Borgarnes	9,4	10,0	0,0	17,6	4,0	8,3
Húsavík	2,5	10,0	4,3	23,5	0,0	6,9
Hvolsvöllur	11,4	0,0	3,2	0,0	3,0	2,8
Höfuðb.svæðið	13,0	<b>50,0</b>	3,2	17,6	24,2	19,4
Sauðárkrókur	4,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Selfoss	8,3	0,0	0,0	11,8	14,1	0,0
Seyðisfjörður	4,5	0,0	0,5	0,0	1,0	1,4
Snæfellsnes	1,6	0,0	0,0	0,0	1,0	0,0
Suðurnes	8,6	20,0	17,1	0,0	<b>43,4</b>	5,6
<b>Samtals %</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>

Í hraðaeftirlitinu árið 2010 voru hraðakstursbrot tæp 81% allra brota. Brot vegna ljósanotkunar voru um 8% og brot sem falla undir önnur brot voru um 4%. Samanlagt var hlutfall annara tegunda brotaflokkanna um 7% en þar undir falla m.a. brot er varða réttindaleyfi, vanrækslu á skoðun og svo framvegis. Á mynd 3 má sjá að flestum brotum fækkaði frá 2009 til 2010 að undanskildum hraðakstursbrotum. Á árinu 2009 var hlutfall hraðakstursbrota um 74% en um 80% árið 2010. Ljósanotkun var hinsvegar hærri árið 2009 en þá voru um 12% ökumanna með ófullnægjandi ljósabúnað en fór niður í 8% árið 2010. Önnur brot voru hlutfallslega fleiri árið 2009 og einnig brot sem féllu undir „aðrir brotaflokkar“ (mynd 3).




**Mynd 3. Hlutfallsleg skipting brota af heildarfjölda árin 2009 og 2010.**

Þegar horft er til samanburðar milli ára 2009 og 2010 má sjá að eftirlitið hefur minnkað. Árið 2010 var fjöldi afskipta 3.271 sem er fækkun frá 2009 og lögreglan varð uppvis að færri brotum á síðasta ári en árið á undan. Einnig hefur akstur og fjöldi vinnustunda dregist saman milli ára (mynd 4).



**Mynd 4. Fjöldi afskipta, brota, ekinna kílómetra og vinnustunda í hraðaeftirliti árin 2009 og 2010.**

Meðalhraði ökumanna sem voru stöðvaðir í eftirlitinu 2010 var allt frá 101,4 km/klst. hjá lögreglunni á Seyðisfirði upp í 123,1 km/klst. hjá lögreglunni á Hvalsvöllum. Er þá reiknaður út meðalhraði miðað við niðurstöðu hraðamælingar þá mánuði sem viðkomandi embætti sinnti eftirlitinu. Í sumum tilfellum var eftirlitinu haldið út í þrjá mánuði en í öðrum tilfellum í tvo mánuði. Hér er miðað við hraðamælingar þar sem að hámarkshraði var 90 km/klst.



**Mynd 5. Meðalhraði í hraðaeftirliti árið 2010 greindur eftir embættum.**




## Niðurstöður úr hraðaeftirliti greint eftir embættum

Hér að neðan eru birtar niðurstöður úr hraðaeftirliti sem lögreglan sinnti sumarið 2010. Fjallað er sérstaklega um hvert embætti sem tók þátt og gerð skil á þeim hraða sem ökumenn voru teknir á þar sem hámarkshraði var 90 km/klst. Sá ökumaður sem var stöðvaður á mestum hraða var á ferð í gegnum umdæmi lögreglunnar á Akureyri og var sá mældur á 173 km hraða.

### Akranes

Hjá lögreglunni á Akranesi var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 141 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 43 lögreglumenn. Skráð voru 81 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 85. Eknir voru 2.609 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 849.790 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 342.163 kr. eða um 40% af heildarkostnaði (tafla 1).

Flestir sem lögreglan á Akranesi stöðvaði voru á bilinu 90-110 km hraða. Í júlí voru þeir 61% allra stöðvaðra, í ágúst 86% og 53% í september. Í september voru 35% stöðvaðra á 111-120 km/klst. sem er hærra hlutfall en hina tvo mánuðina. Sá hraðasti sem var stöðvaður var á 130 km hraða. Enginn var tekinn á yfir 131km/klst. hraða þessa þrjá mánuði eftirlitsins.




Mynd 6. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.



## Akureyri

Hjá lögreglunni á Akureyri var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 605 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 319 lögreglumenn. Skráð voru 115 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 291. Eknir voru 13.358 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 3.910.709 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 1.442.039 kr. eða um 37% af heildarkostnaði (tafla 1).

Flestir ökumenn voru milli 111-120 km hraða eða rúmlega helmingur, í bæði júlí og ágúst. Í september voru einungis þrír ökumenn stöðvaðir. Hlutfall þeirra sem voru yfir 131 km hraða var 7% í júlí og 4% í ágúst. Sá ökumaður sem var tekinn á mestum hraða af lögreglunni á Akureyri var tekinn á 173 km hraða í ágúst.




**Mynd 7. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.**

## Blönduós

Hjá lögreglunni á Blönduósi var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 618 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 107 lögreglumenn. Skráð voru 450 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 464. Eknir voru 20.960 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 4.790.109 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 2.268.828 kr. eða um 47% af heildarkostnaði (tafla 1).

Í ágúst mánuði var enginn ökumaður stöðvaður á yfir 131 km hraða en í september voru þeir 3% (mynd 8). Í júlí og ágúst var rúmlega helmingur ökumanna stöðvaður á 90-110 km hraða en í september hafði þetta hlutfall lækkað niður í 48%. Hins vegar jókst hlutfall ökumanna sem keyrðu á 111-120 km/klst. Tveir ökumenn mældust á 157 km hraða og einn á 137 km hraða í september.




**Mynd 8. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.**

## Borgarnes

Hjá lögreglunni í Borgarnesi var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 494 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 161 lögreglumenn. Skráð voru 171 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 202. Eknir voru 15.637 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 5.016.370 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 3.017.143 kr. eða um 60% af heildarkostnaði (tafla 1).

Í júlí voru 43% þeirra sem voru stöðvaðir á bilinu 90-110 km hraða. Þetta hlutfall hækkaði síðan í ágúst (46%) en fór niður í 42% í september. Þróunin er einnig sveiflukennd þar sem ökumenn voru stöðvaðir á bilinu 111-120 km hraða. Enginn ökumaður var stöðvaður á meira en 130 km hraða í ágúst en í júlí og september voru þeir 2% (mynd 9). Sá sem keyrði hraðast var stöðvaður í september á 132 km hraða.




Mynd 9. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.

## Húsavík

Hjá lögreglunni á Húsavík var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 118 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 27 lögreglumenn. Skráð voru 45 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 68. Eknir voru 4.087 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 914.855 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 437.309 kr. eða tæp 48% af heildarkostnaði (tafla 1).

Í ágúst voru 5% ökumanna á meiri en 131 km/klst. Enginn mældist á svo miklum hraða í júlí og september en um 40% voru á 111-120 km hraða. Þó nokkrir ökumenn voru stöðvaðir á 90-110 km hraða í september eða 60% (mynd 10). Sá hraðasti sem var stöðvaður var á 144 km hraða og var hann stöðvaður í ágúst.




Mynd 10. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.

## Hvolsvöllur

Hjá lögreglunni á Hvolsvelli var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 280 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 65 lögreglumenn. Skráð voru 207 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 221. Eknir voru 10.088 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 2.212.576 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 1.079.416 kr. eða tæp 49% af heildarkostnaði (tafla 1).

Hlutfall ökumanna sem voru stöðvaðir milli 121-130 km hraða jókst eftir því sem leið á sumarið. Þannig var hlutfallið 22% í júlí en í september fór það upp í 56%. Hlutfall þeirra sem óku á 131 km hraða og yfir voru 13-26% stöðvaðra ökumanna. Sá ökumaður sem mældist á mestum hraða í umdæmi lögreglunnar á Hvolsvelli var stöðvaður í ágúst og var sá mældur á 151 km hraða þar sem 90 var hámarkshraði.




**Mynd 11. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.**

## Höfuðborgarsvæðið

Hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 591 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 201 lögreglumenn. Skráð voru 236 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 294. Eknir voru 18.694 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 4.917.462 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 2.527.708 kr. eða um 51% af heildarkostnaði (tafla 1).

Flestir ökumenn sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði voru á bilinu 111-120 km hraða. Hlutfallið var í kringum 62-69%. Þeir sem voru á meiri en 131 km hraða voru 6-7% stöðvaðra ökumanna en í ágúst var enginn sem fór yfir 131 km hraða (mynd 12). Sá sem var stöðvaður á mestum hraða hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var á 150 km hraða og var hann stöðvaður í júlí.




Mynd 12. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.

## Sauðárkrókur

Hjá lögreglunni á Sauðárkróki var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 138 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 42 lögreglumenn. Skráð voru 130 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var sá sami. Eknir voru 5.680 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 1.164.222 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 607.760 kr. eða um 52% af heildarkostnaði (tafla 1).

Þeir sem voru stöðvaðir á 111-120 km hraða voru um helmingur allra ökumanna. Hlutfall þeirra sem voru stöðvaðir á 90-110 km hraða var 42% í júlí sem er heldur hærra hlutfall en í ágúst og september. Hæst var hlutfall þeirra sem óku á 131 km hraða og yfir í september eða 9% (mynd 14). Sá sem mældist á mestum hraða á meðan á eftirlitinu stóð var stöðvaður á 152 km hraða í ágúst þar sem 90 km var hámarkshraði.




Mynd 14. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.

## Selfoss

Hjá lögreglunni á Selfossi var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 511 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 59 lögreglumenn. Skráð voru 156 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 184. Eknir voru 9.527 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 3.497.067 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 1.429.050 kr. eða tæp 41% af heildarkostnaði (tafla 1).

Flestir sem lögreglan á Selfossi stöðvaði voru á bilinu 111-120 km/klst. eða 64-66%. Um 20% voru á 121-130 km hraða nema í september en þá var hlutfall þessara ökumanna 17%. 2-3% ökumanna voru stöðvaðir á yfir 131 km hraða. Sá sem mældist á mestum hraða í umdæmi lögreglunnar á Selfossi var á stöðvaður á 147 km hraða í júlí (mynd 15).




Mynd 15. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.



## Seyðisfjörður

Hjá lögreglunni á Seyðisfirði var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 276 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 55 lögreglumenn. Skráð voru 81 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 84. Eknir voru 4.807 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 1.629.298 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 514.349 kr. eða tæp 32% af heildarkostnaði (tafla 1).

Hlutfall ökumanna sem voru stöðvaðir á 90-110 km hraða minnkaði þegar leið á sumarið en hins vegar jókst hlutfall þeirra sem óku á 111-120 km hraða. Ökumenn sem óku á 131 km hraða og yfir voru 6-8%. Sá ökumaður sem var á mestum hraða var stöðvaður á 143 km hraða í september (mynd 16).




**Mynd 16. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.**

## Snæfellsnes

Hjá lögreglunni á Snæfellsnesi var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 72 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 19 lögreglumenn. Skráð voru 29 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 30. Eknir voru 2.751 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 585.741 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 294.357 kr. eða um 50% af heildarkostnaði (tafla 1).

Flestir sem lögreglan stöðvaði voru á bilinu 111-120 km/klst en aðeins einn var stöðvaður í september. Hlutfall ökumanna sem voru stöðvaður á meiri en 131 km hraða voru 15% í ágúst en enginn var stöðvaður í júlí og september (mynd 17). Sá ökumaður sem var á mestum hraða var stöðvaður á 139 km hraða í ágúst.




**Mynd 17. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarks hraði var 90 km/klst.**

## Suðurnes

Hjá lögreglunni á Suðurnesjum var eftirlitinu sinnt frá júlí til september. Alls varði lögreglan 510 klukkustundum í eftirlitið og að því komu 54 lögreglumenn. Skráð voru 155 hraðakstursbrot en heildarfjöldi brota var 223. Eknir voru 7.697 km. og nam kostnaðurinn við eftirlitið 3.194.839 kr. Kostnaður vegna aksturs voru 1.009.459 kr. eða um 32% af heildarkostnaði (tafla 1).

Af þeim sem voru teknir fyrir of hraðan akstur í júlí voru 68% stöðvaðra ökumanna á hraðanum 111-120 km/klst. Þegar leið á sumarið voru hlutfallslega færri ökumenn teknir á 111-120 km hraða eða 48% í ágúst og 51% í september. Hlutfall þeirra sem óku á 121-130 km hraða var hærra í ágúst og september en í júlí. Hæsta hlutfall þeirra sem voru stöðvaðir á 131 km og yfir var í september eða 15% (mynd 18). Sá ökumaður sem var á mestum hraða var stöðvaður á 152 km hraða í ágúst.



**Mynd 18. Hlutfallsleg dreifing hraðakstursbrota greint eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði var 90 km/klst.**